

160. fundur Kirkjugarðaráðs, haldinn fimmtudaginn 5. september 2019 í golfskálanum Hellu

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi og ritaði fundargerð, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri. Þórsteinn Ragnarsson boðaði forföll.

Dagurinn hófst kl. 9.00 í Reykjavík og var haldið að Arnarbæli í Ölfusi og skoðaður niðurlagður kirkjugarður sem Páll Steinþórsson hefur lagað og heldur við af miklum myndarskap.

Þá var haldið að kirkjustaðnum Árbæ í Holtum þar sem sóknarnefnd og sóknarprestur tóku á móti okkur. Garðurinn var skoðaður. Í garðinum eru leiðin enn hlaðin og er garðurinn einstaklega fallegur og vel hirtur.

Að loknum fundi kirkjugarðaráðs var haldið í Selvog og Strandarkirkja og garðurinn umhverfis hana skoðuð. Komið var til Reykjavíkur um kl. 18:00.

Dagskrá fundar:

Fundur var settur kl. 14:00.

1. **Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram.**

Fundargerð samþykkt.

2. **Stjórnarfundur NFKK (Nordisk forbund for kyrkegårdar ock krematorier)**

Framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sagði frá fundinum sem haldinn var í Reykjavík 22. og 23. ágúst s.l. Á fundinn mættu 10 aðilar þ.e. tveir frá hverju Norðurlandanna, en fyrir Íslands hönd sátu fundinn þeir Þórsteinn Ragnarsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson. Aðalefni fundarins var að ræða drög að dagskrá ráðstefnu sem haldin verður á vegum NFKK í Tampere í Finnlandi árið 2021. Slíkar ráðstefnur hafa verið haldnar til skiptis á Norðurlöndunum á fjögurra ára fresti og er fyrirhugað að rástefnan 2025 verði á Íslandi.

3. **Fyrirhugaður vinnufundur í Viðey.**

Ákveðið var að flytja vinnufundinn yfir í húsnæði Minjastofnunar og verður hann haldinn 7. október frá 13:00 til 16:00. Viðfangsefnið verður verklagsreglur vegna niðurlagðra, friðaðra og friðlýstra kirkjugarða. Ákveðið var að boða fulltrúa dómsmálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis til fundarins.

4. **Ákvörðun um fundardaga og fundartíma í vetur.**

Annar fimmtudagur í hverjum mánuði kl: 10:00 sem er 2019: 14. nóvember, 12. desember og 2020: 13. febrúar, 12. mars, 16. apríl, 14. maí og 11. júní.

5. **Önnur mál.**

Engin.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 15:05

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari